

## GJALDSKRÁ

**fyrir fráveitu í Skútustaðahreppi.**

1. gr.

Af öllum fasteignum í Skútustaðahreppi sem liggja við vegi eða opin svæði, þar sem fráveitugjaldnir liggja, skal greiða árlegt fráveitugjald til sveitarfélagsins.

2. gr.

Álagningarstofn fráveitugjalds skv. 1. gr. skal vera 0,225% af fasteignamati allra húsa og lóða skv. lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 með síðari breytingum.

Sé ekkert mannvirki á lóð greiðist ekkert fráveitugjald.

3. gr.

Gjalddagar fráveitugjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignagjalda og greiðist fráveitugjaldið með fasteignagjöldum.

4. gr.

Þinglýstur eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds og er gjaldið tryggt með lögveði í fasteigninni.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt í sveitarstjórn Skútustaðahrepps 13. desember 2017 er sett samkvæmt skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitna og öðlast gildi við birtingu í B-deild Stjórnartíðinda. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir fráveitu í Skútustaðahreppi nr. 1176/2014.

*Mývatnssveit, 18. desember 2017.*

**Þorsteinn Gunnarsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 3. janúar 2018